05

SAMFÉLAGSMARKMIÐ
ALCOA FJARÐAÁLS 2022

Alcoa Fjarðaál mun halda áfram að nýta tækifærin til að ná árangri.

Árið 2022 mun Alcoa Fjarðaál halda áfram að nýta tækifærin til að ná árangri. Þá verða öryggismál og öryggismenning í öndvegi. Starfsmenn munu vinna saman að því að skapa heilbrigða vinnustaðarmenningu og fjölskylduvænt starfsumhverfi. Innleiðing Jafnréttisvísis eykur fjölbreytni í starfsmannahópi og stuðlar að auknu jafnrétti á vinnustaðnum. Áfram er unnið að því að nýta tækninýjungar til að auka tækifæri í framleiðslu, auka samskipti á milli fólks og bæta framleiðni.

Framtíðarsýn Alcoa er að leita nýrra leiða í áliðnaði með sjálfbæra framtíð að leiðarljósi. Til að þetta markmið náist einblínum við á forgangsmál okkar sem eru að draga úr flækjustigi, auka aðrsemi og sækja fram með sjálfbærni.

Alcoa Fjarðaál og starfsfólk Alcoa vinna á hverjum degi eftir gildum fyrirtækisins sem eru:

Heilindi	**Árangur**
Umhyggja	**Hugrekki**

SJÁLFBÆR ÞRÓUNARMARKMIÐ

3 GÓÐ HEILSA
5 JAFNRÉTTI KYNJANNA
8 GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR
12 ÁBYRG NEYSLA
13 VERNDUN JARÐARINNAR
17 ALÞJÓÐLEG SAMVINNA

Markmið	Heimsmarkmiðin (SDG)
Mannauður (heilsa og öryggi)	
Fylgja áætlun um bætta vinnuvistfræði	SDG 3
Fylgja áætlun um Jafnréttisvísi	SDG 5
Bregðast við niðurstöðum rýnihóps um vaktakerfi	SDG 3
Ljúka sjálfvirkniverkefni fyrir handstöflun í steypuskála	SDG 3
Umhverfi	
Taka þátt í Evrópuverkefni vegna úrgangsmála	SDG 12, SDG 13
Tryggja endurbætur á hreinsivirki til að minnka flúorlosun	SDG 13
Samfélag	
Halda 19. júní skemmtun til að fagna kosningarrétti kvenna	SDG 5
Skipuleggja veisluhöld í tilefni af 15 ára afmælis Fjarðaáls	SDG 8, SDG 17
Halda ráðstefnu á Austurlandi fyrir stjórnendur fyrirtækja og stofnana	SDG 17
Efnahagur/ virðiskeðja	
Endurfóðra ofna fyrir víravél	SDG 8
Ná fullri framleiðslugetu í kerskála á ný	SDG 8
Fylgja eftir verkefni um nýja kerhönnun og stærri skaut	SDG 8